



**KPMG á Íslandi**  
Borgartúni 27  
105 Reykjavík

Sími 545 6000  
Fax 545 6001  
Veffang www.kpmg.is

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P/135/1692*  
*komudagur 6.3.2008*

Reykjavík 6. mars 2008.

### **Umsögn um 325. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt o.fl.**

Með bréfi háttvirtrar efnahags- og skattanefndar Alþingis, dagsettu 13. febrúar 2008, var KPMG hf. sent til umsagnar frumvarp á þingskjali 508, borið upp af fjármálaráðherra, um breytingu á lögum um tekjuskatt og fleiri lögum um skatta. Fer umsögn KPMG hf. hér á eftir.

Frumvarpið hefur í meginatriðum að geyma tillögur af tvennum toga. Annars vegar tillögur er lúta að skattlagningu hagnaðar atvinnufyrirtækja af sölu hlutabréfa. Þær tillögur koma fram í fyrstu tveimur greinum frumvarpsins. Hins vegar tillögur er lúta að verkaskiptingu skattyfirvalda og koma þær tillögur fram í 3. til 8. gr.

#### **Um 1. gr. frumvarpsins.**

Samkvæmt núgildandi ákvæði 5. mgr. 18. gr. tekjuskattslaga er heimilt að fresta tekjufærslu hagnaðar af sölu hlutabréfa yfir tvenn áramót. Ef engin hlutabréf eru á þeim tíma keypt í stað hinna seldu færast frestaði söluhagnaðurinn til tekna á öðru ári frá því að hann myndaðist. Ef hins vegar hlutabréf eru keypt í stað hinna seldu strax á söluári, eða á næstu tveimur árum þar á eftir, er hægt að koma hinum frestaða söluhagnaði í lóg með því að færa kaupverð bréfanna niður sem söluhagnaðinum nemur. Ef kaupverð keyptra bréfanna nær ekki fjárhæð frestaða söluhagnaðarins færast mismunurinn til tekna á öðru ári frá því hagnaðurinn myndaðist.

Heimildir þessar hafa hverjir þeir lögaðilar sem ótakmarkaða skattskyldu bera hér á landi, óháð félagsforminu, svo og menn að því er varðar hlutabréf sem réttilega hafa verið eignfærð í rekstri þeirra.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að heimildir þessar verði alfarið felldar niður. Ekki aðeins gagnvart þeim félögum sem ætlað er að njóta þess skattleysis söluhagnaðar sem lagt er til í b. lið 2. gr., heldur einnig gagnvart öllum öðrum sem nú njóta þessara heimilda. Að því er þá varðar fær því ekki staðist sú forsenda sem í athugasemdum við frumvarpið er gefin fyrir tillögunni, þ.e. að með tillögunni um skattleysi söluhagnaðar í hendi félaga í tilteknum félagsformum séu ekki lengur forsendur fyrir ákvæðum 5. mgr. 18. gr. Í þessu sambandi er þó rétt að hafa í huga for sögu ákvæðis 5. mgr. 18. gr. Það var lögfest vorið 1998. Í frumvarpi til þeirra laga var ekki lagt til að frestun heimildina fengju allir sem atvinnurekstur stunduðu, heldur einungis félög í tilteknum félagsformum, þ.e. þau hin sömu félög og nú er lagt til að öðlist skattleysið og að auki samlög og samtök. Tillaga um þá afmörkun helgaðist af þeim mun sem er á skattlagningu félaga eftir félagsformi og mun skattlagningar úttektar eigenda úr félögum eftir félagsforminu. Í meðförum Alþingis var, að tillögu meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar, gerð breyting á afmörkuninni. Segja má að hin gefna forsenda fyrir tillögunni um brottfall nú stæðist ef til þess hefði ekki komið.

#### **Um a. lið 2. gr. frumvarpsins.**

Heimild til að gjaldfæra sannanlega tapað hlutafé er í gildandi lögum um tekjuskatt sett fram í þremur málsgreinum 5. tölul. 31. gr. Elst er heimildin í 1. mgr., frá árinu 1990. Hún er mjög sértæk og tekur

aðeins til hlutafjár sem fyrirtæki hefur, vegna greiðsluerfiðleika hlutafélags í hópi viðskiptavina, eignast í félaginu að gagngjaldi fyrir viðskiptakröfu á hendur félaginu. Næst í aldri, eða frá árinu 1993, er heimildin í 3. mgr. Hún er einnig mjög sértæk og tekur aðeins til taps á hlutafé sem verðbrefasjóðir og fjárfestingasjóðir hafa orðið fyrir. Í a. lið 2. gr. frumvarpsins er lagt til að báðar þessar sértæku heimildir verði felldar niður.

Yngst, þ.e. frá árinu 1995, er svo heimildin í 2. mgr. Hún er sýnu almennari en hinar tvær og heimilar gjaldfærslu hlutafjár sem tapast hefur við gjaldþrot félags eða niðurfærslu hlutafjár í kjölfar nauðasamninga. Ekki er í frumvarpinu lagt til að hróflað verði við þessari almennu heimild.

Í athugasemdum frumvarpsins eru ekki gefnar aðrar skýringar á tillögunni um brottfall sértæku heimildanna, en að tillagan sé gerð með hliðsjón af öðrum ákvæðum frumvarpsins og þeim breytingum sem átt hafa sér stað í viðskiptalífnu á umliðnum árum. Helst verður af þeirri athugasemd ráðið að flutningsmaður frumvarpsins telji ekki lengur þörf fyrir sértæku heimildirnar. Af því verður svo aftur ráðið að hin almenna heimild 2. málsgreinarinnar nái yfir báðar hinar sértæku heimildir.

#### **Um 1. mgr. b. lið 2. gr. frumvarpsins.**

Verði tillagan í 1. mgr. b. liðs 2. gr. frumvarpsins að lögum felur það í sér að hagnaður af sölu eignarhluta í hlutafélögum, samlagshlutafélögum og einkahlutafélögum verður skattlaus í hendi seljenda sem uppfyllir viss skilyrði varðandi félagsform. Skattleysi söluhagnaðarins er ætlað að nást með frádráttaraðferð, sambærilegri þeirri sem nú er að finna í 9. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga varðandi mótttekinn arð. Söluhagnaði er þannig eftir sem áður ætlað að teljast til skattskyldra tekna, en sama fjárhæð leyfist til frádráttar.

Lagt er til að félögum í tilteknum félagaformum verði heimilt að færa til frádráttar tekjum sínum fjárhæð sem nemur skattskyldum hagnaði af sölu hlutabréfa. Frádráttarheimildinni er ætlað að taka til hagnaðar af sölu hlutabréfa í hlutafélögum og samlagshlutafélögum og jafnframt hluta í einkahlutafélögum, þ.e. eignahluta í félögum í þessum félagaformum sem heimilisföst eru hér á landi. Jafnframt er frádráttarréttinum ætlað að taka til hagnaðar af sölu eignarhluta í erlendum félögum í sömu félagaformum, en í þeim tilvikum er gert að skilyrði fyrir frádrætti að seljandinn sýni fram á að hagnaður af starfsemi erlenda félagsins hafi verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hér á landi og ekki með lægra skatthlutfalli en nemur almennu skatthlutfalli í einhverju ríkja Efnahags- og framfararstofnunarinnar (OECD) eða einhverju aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Skilyrðið um skattlagningu með sambærilegum hætti er þekkt frá gildandi 9. tölul. 31. tekjuskattslaga varðandi frádráttarbærni mótttekins arðs. Almennt verður að telja að í því felist að tekjur hins erlenda félags myndi skattstofn með sambærilegum hætti og þær gerðu hér á landi í hendi íslensks skattaðila. Þannig væri ekki um sambærilega skattlagningu að ræða ef tekjur erlenda félagsins væru undanþegnar skatti í heimaríki þess, ef slíkar tekjur væru skattskyldar á Íslandi í hendi íslensks félags í sama félagaformi.

Eins og fram kemur í athugasemdum frumvarpsins er grunnurinn að því hverjir eigi að njóta frádráttarréttarins, þ.e. skattleysisins, það viðhorf að hagnað af atvinnustarfsemi eigi aðeins að skattleggja í hendi þess félags sem hann myndast hjá og síðan í hendi þeirra manna sem hagnaðarins njóta í formi arðs eða söluhagnaðar eignarhluta sinna í félaginu. Í samræmi við þetta viðhorf er í frumvarpinu lagt til að frádráttarins njóti aðeins félög í þeim félagaformum, þar sem útgreiðslur úr þeim til eigenda, þ.e.a.s. manna, eru skattlagðar í hendi manna. Þessa afmörkun verður að telja rökrétta og í samræmi við þann mun að öðru leyti sem gerður er á skattlagningu eftir félagaformi. Telja verður að tillagan í 1. mgr. b. liðs 2. gr. frumvarpsins sé vel til þess fallin að ná fram þeim markmiðum sem að er stefnt með henni.

Frádráttarins er ætlað að njóta íslensk hlutafélög og einkafélög, auk þeirra samlagshlutafélaga sem valið hafa sér sjálfstæða skattaðild. Þá er lagt til að frádráttarins njóti gagnkvæm váttrygginga- og ábyrgðarfélög, kaupfélög og önnur samvinnufélög og samvinnufélagasambönd. Með öðrum orðum hagnaður af sölu

hlutabréfa á samkvæmt frumvarpinu að vera skattlaus í hendi þeirra félaga sem hér á landi bera ótakmarkaða skattskyldu á grundvelli 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. tekjuskattslaga.

Í ljósi skuldbindinga Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er í frumvarpinu lagt til að félög í þessum sömu félagaforum heimilisföst í einhverju ríkja EES njóti jafnframt frádráttarréttarins. Tiltekið er í frumvarpinu að frádráttarheimildin taki til þessara félaga á EES-svæðinu sem skattskyld eru hér á landi á grundvelli 7. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga, þ.e. skattskyldan takmarkast við söluhagnað hlutabréfa. Það vekur athygli að ekki er tiltekið að frádrættinum sé ætlað að taka til slíkra félaga sem skattskyldu bera hér á landi vegna starfrækslu fastrar starfsstöðvar, þ.e. á grundvelli 4. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga. Tilvísun frumvarpsins til 3. gr. tekjuskattslaga er sú sama og í gildandi 9. tölul. 31. gr. varðandi frádráttarrétt umræddra félaga vegna móttækis arðs, eftir þá breytingu sem gerð var á því með 4. gr. laga nr. 76/2007. Í athugasemdum við frumvarp til þeirra laga kemur fram að sú breyting muni hafa áhrif á skattskyldu allra arðgreiðslna frá innlendum hlutafélögum, til félaga í hinum tilteknu félagaforum sem heimilisföst eru á EES-svæðinu. Í ljósi þeirra orða virðist rétt að skýra umrætt ákvæði frumvarpsins, sem og gildandi ákvæði 9. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga, á þann veg að skattleysis skuli njóta hin erlendu félög hvort heldur hlutabréf þeirra eru eignfærð innan eða utan hérlendrar starfsstöðvar þeirra, þ.e. óháð því hvort skattskylda þeirra byggist á 4. eða 7. tölul. 3. gr. Slík skýring er þó ekki svo augljós sem ætla mátti. Af bindandi álit í skattamáli, sem ríkisskattstjóri lét uppi 19. september 2007 og hefur birt á upplýsingavef sínum (álit nr. 7/07), má ætla að ríkisskattstjóri skýri gildandi ákvæði 9. tölul. 31. gr. almennt á annan veg. Í því ljósi verður að telja æskilegt að löggjafinn kveði skýrt á um vilja sinn í þessum efnunum. Verður ekki séð að nokkur forsenda geti verið til að haga skattlagningu með ólíkum hætti eftir því hvar hlutabréf erlendu félaganna eru vistuð. Þá verður að ætla að slík mismunun stríði gegn skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum.

#### **Um 2. mgr. b. liðs 2. gr. frumvarpsins.**

Í 2. mgr. b. liðs er lagt til að takmarkaður verði frádráttarréttur vegna þess rekstrarkostnaðar sem til fellur við öflun, viðhald eða tryggingu söluhagnaðar sem ekki kæmi til skattlagningar vegna ákvæðisins sem lagt er til í 1. mgr. b. liðs og rakið er hér að framan. Í hugtakið rekstrarkostnað í þessu samhengi verður að leggja sama skilning og lagður er í það hugtak í 1. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga. Undir hugtakið fellur því t.d. hvers konar launakostnaður, vextir af skuldum, afföll, gengistöp, niðurfærslur og fyrningar eigna.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að tillagan feli í sér að frádráttarréttur verði takmarkaður þannig að kostnaður sem varðar umræddan söluhagnað verði hvorki dreginn frá öðrum tekjum né geti hann myndað tap yfirfæranlegt milli ára. Kostnaðurinn á þannig hvorki að geta komið til frádráttar annars konar tekjum á því ári sem hann fellur til né á síðari árum.

Samkvæmt tillögunni verður rekstrarkostnaður, er einvörðungu varðar söluhagnaðartekjur ekki dreginn frá öðrum tekjum. Reyndar verður hann ekki dreginn frá einum eða neinum tekjum, því þessi kostnaður verður augljóslega heldur ekki dreginn frá hagnaði af sölu hlutabréfa. Þegar frá reiknuðum söluhagnaði hefur verið dreginn sá frádráttur sem í frumvarpinu er lagður til og nema skal sömu fjárhæð og reiknaði söluhagnaðurinn, er ekki frá nokkrum stofni að draga. Hagnaður af sölu hlutabréfa er í upphafi 2. mgr. 18. gr. tekjuskattslaga skilgreindur sem mismunur söluverðs og kaupverðs. Söluverð eigna er í 20. gr. skilgreint sem heildarandvirði þeirra að frádrögnum beinum kostnaði við sölu. Beinn sölukostnaður kemur þannig til lækkunar á söluandvirði þegar við útreikning söluhagnaðarteknanna, en kemur ekki til frádráttar reiknuðu tekjunum. Ákvæðið sem lagt er til kemur þannig ekki til með að hafa nein áhrif á meðferð beins sölukostnaðar.

Að beina sölukostnaðinum frátöldum, verður vart séð að nokkur kostnaður geti fallið til sem í eðli sínu varði eingöngu öflun, viðhald eða tryggingu hagnaðar af sölu hlutabréfa. Kemur það til af því að almennt falla af hlutabréfum til tvenns konar tekjur, annars vegar arðstekjur og hins vegar söluhagnaður. Með það í huga má halda því fram allur kostnaður viðvirkjandi kaupum og eignarhaldi hlutabréfa varði í senn

hugsanlega öflun arðstekna og söluhagnaðar. Í tillögum frumvarpsins er ekki lagt til að takmarkaður verði frádráttarréttur kostnaðar sem varðar öflun arðstekna.

Varði kostnaður í senn hagnað af sölu hlutabréfa og annars konar tekjur skal samkvæmt tillögu frumvarpsins skipta kostnaðinum í réttu hlutfalli við tekjurnar. Uppgjörstímabil til skatts hverju sinni er viðkomandi rekstrarár. Í frumvarpinu er ekki lagt til að breyta því á nokkurn hátt. Þannig er ekki lagt til að frestað verði skiptingu rekstrarkostnaðar þar til að fullu er komið í ljós hvernig skiptingu tekna af hlutabréfaeign verður háttáð milli söluhagnaðar og annarra tekna, þ.m.t. arðstekna. Taka verður afstöðu til slíks í lok hvers reikningsárs. Ef t.d. eingöngu falla til arðstekjur af hlutabréfunum, en enginn söluhagnaður, þá færast rekstrarkostnaður viðvíkjandi hlutabréfaeign að fullu til frádráttar tekjum. Ef eingöngu falla á rekstrarárinu til söluhagnaðartekjur en engar arðstekjur þá færast rekstrarkostnaðurinn ekki að neinu leyti til frádráttar tekjum. Falli hvort tveggja til á rekstrarárinu söluhagnaður og arður færast rekstrarkostnaðurinn til frádráttar í sama hlutfalli og arðstekjurnar eru af samanlögðum arðstekjum og söluhagnaðartekjum rekstrarársins. Þessi mismunandi frádráttarréttur er ekki rökréttur þar sem sams konar sérstakur frádráttarréttur mun gilda bæði á móti arði og söluhagnaði verði frumvarpið að lögum.

Falli kostnaður til sem í senn varðar hagnað af sölu hlutabréfa annars vegar og hins vegar aðra tekjuöflun ber samkvæmt tillögunni að hlutfalla kostnaðinn til frádráttar í réttu hlutfalli við tekjurnar algjörlega óháð því að hve miklu leyti rekstrarkostnaðurinn varðar hvorn tekjuþáttinn fyrir sig. Ljóst má vera að regla þessi getur leitt til skattalegrar niðurstöðu sem beinlínis verður að telja órökkrétta og jafnvel getur verið til þess fallin að misbjóða réttlætiskennnd manna. Um slíka niðurstöðu má færa fram eftirfarandi dæmi:

Karlar tveir hafa um árabíl stundað fiskverkun innan vébanda einkahlutafélags síns. Endur fyrir löngu keypti félagið hlutabréf í dreifingarfyrtæki fiskafurða til að treysta viðskipti við það fyrirtæki. Á nýliðnu ári hafði einkahlutafélag karlanna 10.000.000 kr. tekjur af fiskverkuninni. Á árinu seldi félagið hlutabréfin sín með 10.000.000 króna söluhagnaði. Kostnaður á árinu, sem á einhvern hátt varðaði söluhagnaðinn, var ekki annar en sá að karlarnir tveir vörðu tveimur vinnudögum í hlutabréfaviðskiptin. Þeir vörðu hins vegar 248 vinnudögum í fiskverkunina. Nú má ljóst vera að launakostnaður ársins varðaði hvort tveggja í senn öflun tekna af fiskverkun og öflun söluhagnaðar. Hefði umrædd regla verið í gildi á nýliðnu ári bæri félagi karlanna að skipta launakostnaði ársins upp í hlutfalli við tekjurnar og því kæmi aðeins helmingur launakostnaðar til frádráttar tekjum þrátt fyrir að yfir 99% af vinnuframlagi karlanna hafi í raun varðað öflun tekna af fiskverkun.

Í almennum athugasemdum við frumvarpið kemur fram að kostnaður varðandi viðskipti með hlutabréf eigi ekki að vera frádráttarbær í þeim tilvikum að tap verður af sölu hlutabréfa. Erfitt er að fá þá athugasemd til að falla að þeim texta sem lagt er til að verði lögtekinn. Kostnaðinn á samkvæmt þeim texta að hlutfalla eftir tekjum. Ekkert er minnst á tap í því sambandi. Vissulega má líta á tap sem neikvæðan hagnað. Ef þannig er litið á málið ætti frádráttarréttur að aukast við hlutföllun rekstrarkostnaðar. Dæmi: Arðstekjur 100, söluhagnaður – 10 (þ.e. tap). Heildartekjur því 90. Rekstrarkostnaður varðar aðeins þessa tekjuöflun og færast því til gjalda í hlutfallinu kostnaður x 100 / 90, þ.e. rúmlega 111% kostnaðarins færast til gjalda.

Gjalda verður varhug við þeirri tillögu um takmörkun frádráttarréttar sem 2. mgr. b. liðs 2. gr. frumvarpsins hefur að geyma. Ekki getur hún einasta leitt til óeðlilegrar skattalegrar niðurstöðu verði hún að lögum, heldur er hún til þess fallin að geta haft afgerandi áhrif á ákvarðanir um sölu hlutabréfa og arðsúthlutanir og þannig virkað hamlandi á viðskipti með hlutabréf.

Ekki verður hjá því komist að leiða hugann að því hvort með tillögunni sé fyrst og fremst stefnt að því að koma í veg fyrir að fjármagnskostnaður samfara lántöku til kaupa á hlutabréfum verði frádráttarbær frá tekjum er ekki varða eignarhald hlutabréfanna. Ef sú er raunin væri nærtækara að kveða á um að slíkur fjármagnskostnaður verði ekki frádráttarbær, óháð því hvort hagnaður verður af sölu hlutabréfa á viðkomandi rekstrarári eða ekki. Sá hængur er þó þar á að erfitt getur verið að afmarka að hve miklu leyti

lántaka, og þar með fjármagnskostnaður samfara lántökunni, varðar hlutabréfakaup og að hve miklu leyti aðra þætti starfsemi. Hængurinn sá er óneitanlega líklegur til að verða bitbein skattaðila og skattyfirvalda. Hjá því mætti hugsanlega sneiða með því að kveða á um að frádrátt vegna fjármagnskostnaðar á hverju rekstrarári skuli skerða í réttu hlutfalli við hlutabréfaeign sem hlutfall af heildareignum í lok rekstrarársins.

### **Samanburður við frumvarp á þingskjali 1068 á 133. löggjafarþingi.**

Í almennum athugasemdum frumvarpsins segir m.a.: "Þá verður tap sem kann að myndast vegna sölu hlutabréfa ekki frádráttarbært". Ekki verður af efnisákvæðum frumvarpsins ráðið hvers vegna þessi athugasemd er sett fram, enda í því ekki lögð til breyting á meðferð sölutaps hlutabréfa. Samkvæmt gildandi ákvæði 2. mgr. 24. gr. er tap af sölu hlutabréfa ófrádráttarbært, þótt jafna meggi tapi á móti hagnaði eins og staðreynt hefur verið með úrskurði yfirskattanefndar nr. 235/2007. Athugasemdin leiðir hugann hins vegar til frumvarps er fjármálaráðherra lagði fram á 133. löggjafarþingi á þingskjali nr. 1068, en ekki hlaut aðra þinglega meðferð.

Tillögur þess frumvarps voru þríþættar. Í fyrsta lagi voru lagðar til breytingar er lútu að því að tekjur af sölu veltuverðbréfa sættu skattlagningu líkt og tekjur af sölu verslunarvarnings, en ekki skv. reglum 18. gr. tekjuskattslaga um söluhagnað. Í öðru lagi var lagt til að félögum í tilteknum félagsformum yrði heimill frádráttur er næmi skattskyldum hagnaði af sölu hlutabréfa. Í þriðja lagi var lagt til að afnumdar yrðu heimildirnar í 5. mgr. 18. gr. tekjuskattslaga til að fresta yfir tvö ár áramót tekjufærslu hagnaðar af sölu hlutabréfa og til þess á þeim tíma að færa hagnaðinn til lækkunar kaupverði keyptra hlutabréfa.

Í greinargerð kom fram, að tillögunni um að skjóta orðunum "tekjur af sölu veltuverðbréfa" inn í B-lið 7. gr. tekjuskattslaga, var ætlað að skjóta styrkum stöðum undir svonefnda lageraðferð við uppgjör hagnaðar af sölu hlutabréfa. Í greinargerðinni kom fram sú skoðun, að bæði í löggjöf og skattframkvæmd sé gerður greinarmunur á því hvort hlutabréf hafi verið keypt til fjárfestingar eða til endursölu innan skamms tíma, eins og almennt sé gerður greinarmunur á fjárfestingareignum og veltufjármunum. Þegar tekjur af kaupum og sölu hlutabréfa sé liður í reglubundinni starfsemi verði ekki farið með þær tekjur samkvæmt ákvæðum um söluhagnað eigna.

Þessi skoðun endurspegladist svo í því að heimildin til að færa frádrátt á móti hagnaði af sölu hlutabréfa átti að vera bundin þeim skilyrðum að seljandinn hefði átt hin seldu hlutabréf í a.m.k. eitt ár og að þau teldust ekki til veltuverðbréfa. Frádráttarheimildin átti þannig ekki að taka til hagnaðar af sölu hlutabréfa sem teldust til veltuverðbréfa. Veltuverðbréf voru í frumvarpinu skilgreind út frá því huglæga viðmiði að til þeirra teldust hlutabréf sem keypt væru til endursölu í því skyni að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsverði þeirra.

Í frumvarpi því sem hér er veitt umsögn um er hvorki sett skilyrði um eignarhaldstíma, né tilgang með kaupum. Í almennum athugasemdum frumvarpsins segir: "Í þessu frumvarpi er að finna tillögur um breytingar á skattskyldu söluhagnaðar af sölu hlutabréfa óháð eðli og eignarhaldstíma hlutabréfanna í hendi seljanda" Þessi orð verða varla skilin öðru vísi en svo að frádráttarheimildinni sé ætlað að ná til hagnaðar af sölu hlutabréfa óháð því hvort fjárhæð hagnaðarins er leidd fram samkvæmt 18. gr. eða eftir lageraðferðinni. Annan skilning verður hugsanlega að leggja í það orðalag sem lagt er til að lögfest verði. En ákvæðinu er ætlað að orðast svo, að draga meggi frá tekjum af atvinnurekstri "fjárhæð sem nemur hagnaði af sölu hlutabréfa skv. 18. gr." Þetta orðalag bendir til þess að frádráttarrétturinn eigi aðeins að taka til fjárhæðar sem leidd er fram samkvæmt 18. gr. Orðalag frumvarpstextans og athugasemda við hans virðist þannig stangast á, nema út úr þessu verði lesið að flutningsmaður frumvarpsins, hafi fallið frá hugmyndum um að lageraðferðin eigi yfirhöfuð við um skattalegt uppgjör söluhagnaðar af hlutabréfum. Ef það er vilji löggjafans að í öllum tilfellum beri að leiða tekjur af hlutabréfaviðskiptum fram samkvæmt 18. gr., en afnema beri lageraðferðina við uppgjör á viðskiptum með hlutabréf er teljast til veltuverðbréfa, verður það varla gert öðru vísi en með beinu lagaákvæði þar um. Ætla verður að slíkt afnám uppgjörs eftir

lageraðferðinni hafi ófyrirséðar afleiðingar í för með sér fyrir fjármálafyrirtæki og verður því að gjalda varhug við slíkri breytingu.

#### **Gildistaka.**

Í frumvarpinu er lagt til að þær breytingar þess, sem hér að framan hefur verið fjallað um, öðlist gildi 1. janúar 2008 og komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2009.

Þó er í frumvarpinu lagt til að núgildandi 5. mgr. 18. gr. haldi gildi sínu um hagnað af sölu hlutabréfa sem fallið hefur til fyrir gildistöku breytinganna. Telja verður að í því felist:

- Í fyrsta lagi, að þeir sem réttilega frestuðu yfir tvenn áramót tekjufærslu söluhagnaðar sem myndaðist á árinu 2005, geti í skattuppgjöri sínu á árinu 2008 vegna rekstrarársins 2007 fært hinn frestaða söluhagnað til lækkunar á kaupverði hlutabréfa keyptra á árinu 2007. Hafi ný hlutabréf ekki verið keypt í stað þeirra sem seld voru 2005 beri að færa hinn frestaða hagnað til tekna á árinu 2007.
- Í öðru lagi, að þeir sem réttilega frestuðu yfir tvenn áramót tekjufærslu söluhagnaðar sem myndaðist á árinu 2006, geti í skattuppgjörum sínum á árunum 2008 og 2009 vegna rekstraráranna 2007 og 2008 fært hinn frestaða söluhagnað til lækkunar á kaupverði hlutabréfa keyptra á árunum 2007 og 2008. Ef ekki eru á þeim árum keypt hlutabréf í stað hinna seldu beri að færa frestaða hagnaðinn til tekna rekstrarársins 2008.
- Í þriðja lagi, að þeir sem seldu hlutabréf með hagnaði á árinu 2007 geti í skattuppgjöri sínu 2008 vegna rekstrarársins 2007, frestað yfir tvenn áramót tekjufærslu söluhagnaðarins, eða fært niður kaupverð hlutabréfa keyptra á árinu 2007 ef því er að skipta. Í skattuppgjörum á árunum 2009 og 2010 vegna rekstraráranna 2008 og 2009 geti þeir svo fært niður kaupverð hlutabréfa keyptra á þeim rekstrarárum.

Óvissa hlýtur að skapast varðandi söluhagnað sem myndast frá upphafi árs 2008 og fram að því að breytingarnar verða lögfestar. Á þeim tíma eru heimildirnar í 5. mgr. 18. gr. tekjuskattslaga í gildi og varla fæst staðist að svipta skattaðila þeim rétti afturvirk. Á það ótvítætt við um menn og þá lögaðila sem ekki öðlast rétt til að færa hagnað af sölu hlutabréfa til frádráttar tekjum. Þeir sem þann rétt öðlast, yrðu reyndar líka sviptir rétti afturvirk með þeim takmörkunum sem settar yrðu á frádráttarbæri kostnaðar er félli til frá síðustu áramótum og fram að lögfestingu. Í ljósi þessa fær ekki staðist að ákvæði þessi öðlist gildi 1. janúar 2008. Gildistaka getur í fyrsta lagi orðið við birtingu. Almennt verður að telja óæskilegt að breytingar á skattlagningarreglum taki gildi innan rekstrarárs. Að virtu eðli þeirra breytinga sem hér eru til umfjöllunar má ætla að ekki sé síður óæskilegt að langur tími líði frá lagasetningu fram að gildistöku, þar sem það kann á þeim tíma að verka hamlandi á hlutabréfaviðskipti þeirra sem öðlast munu frádráttarrétt samkvæmt ákvæði. 1. mgr. b. liðs 2. gr. frumvarpsins.

#### **Um 3. til 7. gr. frumvarpsins.**

Þessar greinar frumvarpsins þykja ekki gefa tilefni til athugasemda af hálfu KPMG hf.

Virðingarfyllst,

**KPMG hf.**

